BARNAVERNDARSTOFA

# Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrstu níu mánuði áranna 2011 og 2012

**2012**

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna fyrir fyrstu níu mánuði áranna 2011 og 2012. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrir fyrstu níu mánuði áranna 2011 og 2012.

**Tilkynningar til barnaverndarnefnda**

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fækkaði um 12,7% fyrstu níu mánuðum ársins 2012 samanborið við fyrstu níu mánuði ársins 2011. Fjöldi tilkynninga  var 5.800 fyrstu níu mánuði ársins 2012, en 6.644 fyrstu níu mánuði ársins 2011. Fleiri tilkynningar bárust um drengi, en stúlkur, en var hlutfall tilkynninga vegna drengja 54,0% fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2012. Kynjaskipting vegna tilkynninga í sískráningu liggur fyrir frá árinu 2012. Tilkynningum á höfuðborgarsvæðinu fækkaði um tæplega 16% og rúmlega 4% á landsbyggðinni. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar.

Flestar tilkynningar voru vegna áhættuhegðunar barna eða 40,9% tilkynninga fyrstu níu mánuði ársins 2012, en 45,6% fyrstu níu mánuði ársins 2011. Alls voru 35,5% tilkynninga fyrstu níu mánuði ársins 2012 vegna vanrækslu, en 30,8% fyrstu níu mánuði ársins 2011. Hlutfall tilkynninga um ofbeldi fyrstu níu mánuði ársins 2012 var 22,9%, en 22,7% fyrstu níu mánuði ársins 2011. Hlutfall tilkynninga fyrstu níu mánuði árisins 2012 vegna þess að heilsu eða lífi ófædds barns var stefnt í hættu var 0,7%, en 1% fyrstu níu mánuði ársins 2011.

Á fyrstu níu mánuðum ársins 2012 var hlutfall tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu 8,1%. Fyrstu níu mánuði ársins 2011 var hlutfallið 7,7%. Í tilkynningum um ofbeldi var hlutfall tilkynninga fyrstu níu mánuði ársins 2012 þar sem um heimilisofbeldi var að ræða 5,4%, en 5,0% fyrstu níu mánuði ársins 2011. Flestar tilkynningar voru frá lögreglu, en hlutfall þeirra fyrstu níu mánuði ársins 2012 var 46,7%, en 49,6% fyrstu níu mánuði ársins 2011.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um fyrstu níu mánuði ársins 2012 var 4.878 börn, en sambærileg tala fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2011 var 5.452 börn. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

**Umsóknir til Barnaverndarstofu**

Umsóknum um meðferðarheimili fækkaði fyrstu níu mánuði ársins 2012 miðað við sama tímabil árið á undan. Umsóknir voru 49 fyrstu níu mánuði ársins 2012 en 65 fyrstu níu mánuði ársins 2011. Flestar umsóknir fyrstu níu mánuði ársins 2012 voru frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur eða 85,8% umsókna, en 14,3% umsókna voru frá nefndum á landsbyggðinni. Fleiri umsóknir bárust fyrir drengi en stúlkur fyrstu níu mánuði ársins 2012. Hlutfall umsókna fyrir drengi var rúmlega 59%. Meðalaldur barna sem sótt var um meðferð fyrir var 16,2 ár fyrstu níu mánuði ársins 2012.

Alls bárust 45 umsókn um MST fyrstu níu mánuði ársins 2012, en 55 umsóknir fyrstu níu mánuði ársins 2011. Fjölkerfameðferð (MST) snýr að fjölskyldum unglinga með fjölþættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum fólks. Meðalaldur barnanna var 15,4 ár og drengir voru í meirihluta þeirra barna sem sótt var um fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2012. Hlutfall umsókna fyrir drengi var 53,3%.

Umsóknum um fósturheimili fyrir börn fækkaði úr 106 í 82 á umræddu tímabili. Fækkun var á umsóknum bæði fyrir tímabundið fóstur og styrkt fóstur. Flestar umsóknir fyrstu níu mánuði ársins 2012 voru frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur eða 69,5% umsókna, en 30,5% umsókna voru frá nefndum á landsbyggðinni. Jafn margar umsóknir bárust fyrir stúlkur og drengi fyrstu níu mánuði ársins 2012.

Í Barnahúsi voru rannsóknarviðtöl samtals 157 fyrstu níu mánuði ársins 2012, en 144 fyrstu níu mánuði ársins 2011. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl, 73,2% fyrstu níu mánuði ársins 2012 og 66,0 % fyrstu níu mánuði ársins 2011.

Fyrstu níu mánuði ársins 2012 voru 156 vistanir á neyðarvistun Stuðla, en þær voru 174 á sama tímabili árið á undan. Vistunardögum fækkaði fyrstu níu mánuði ársins 2012 miðað við sama tímabil árið á undan úr 1.157 dögum í 920 daga. Fjöldi einstaklinga fyrstu níu mánuði ársins 2012 var 71, en 81 á sama tímabili árið á undan.

Umsóknum þeirra sem óska eftir að gerast fósturforeldrar fækkaði úr 53 umsóknum fyrstu níu mánuði ársins 2011 í 46 umsóknir fyrstu níu mánuði ársins 2012. Flestar umsóknir voru frá Reykjavík og nágrenni.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

# Tilkynningar til barnaverndarnefnda

## Fjöldi tilkynninga

| Barnaverndarnefnd | Fyrstu 9 mán 2011 | | Fyrstu 9 mán 2012 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 3.221 | 48,5 | 2.631 | 45,4 |
| Seltjarnarnes | 35 | 0,5 | 32 | 0,6 |
| Kópavogur | 621 | 9,3 | 489 | 8,4 |
| Garðabær | 77 | 1,2 | 95 | 1,6 |
| Hafnarfjörður | 649 | 9,8 | 644 | 11,1 |
| Álftanes | 46 | 0,7 | 70 | 1,2 |
| Reykjanesbær | 289 | 4,3 | 331 | 5,7 |
| Grindavík | 89 | 1,3 | 72 | 1,2 |
| Sandgerði | 168 | 2,5 | 118 | 2,0 |
| Mosfellsbær | 154 | 2,3 | 115 | 2,0 |
| Akranes | 96 | 1,4 | 79 | 1,4 |
| Borgarfjarðar og Dala | 34 | 0,5 | 45 | 0,8 |
| Snæfellinga | 13 | 0,2 | 13 | 0,2 |
| Norðanverðir Vestfirðir | 110 | 1,7 | 119 | 2,1 |
| Vesturbyggð og Tálknafjörður | 10 | 0,2 | 9 | 0,2 |
| Húnaþing vestra | 21 | 0,3 | 28 | 0,5 |
| A-Hún | 54 | 0,8 | 38 | 0,7 |
| Skagafjörður | 29 | 0,4 | 21 | 0,4 |
| Útey | 70 | 1,1 | 58 | 1,0 |
| Eyjafjörður | 248 | 3,7 | 253 | 4,4 |
| Þingeyingar | 39 | 0,6 | 31 | 0,5 |
| Fljótsdalshérað | 59 | 0,9 | 50 | 0,9 |
| Fjarðabyggð | 64 | 1,0 | 43 | 0,7 |
| Hornafjörður | 35 | 0,5 | 33 | 0,6 |
| Árborg | 136 | 2,0 | 125 | 2,2 |
| Árnesþing* | 72 | 1,1 | 88 | 1,5 |
| Rang.valla- og V-Skaftafellss. | 40 | 0,6 | 32 | 0,6 |
| Vestmannaeyjar | 165 | 2,5 | 138 | 2,4 |
| **Samtals** | **6.644** | **100,0** | **5.800** | **100,0** |

*Í águst 2011 sameinuðust barnaverndarnefnd uppsveita Árnessýslu, Ölfusshrepps og Hveragerðis í Velferðarnefnd Árnesþings

## Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum*

| **Kyn** | **Fyrstu 9 mánuði 2012** | |
|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 3.133 | 54,0 |
| Stúlkur | 2.656 | 45,8 |
| Ekki vitað | 11 | **0,2** |
| **Samtals** | **5.800** | **100,0** |

*Kynjaskipting liggur fyrir frá árinu 2012

## Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

| Landsvæði | **Fyrstu 9 mán 2011** | | **Fyrstu 9 mán 2012** | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Höfuðborgarsvæði* | 4.803 | 73,3 | 4.040 | 69,7 |
| Landsbyggð | 1.841 | 27,7 | 1.760 | 30,3 |
| **Samtals** | **6.644** | **100,0** | **5.800** | **100,0** |

*Höfuðborgarsvæðið tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Fjöldi barna sem tilkynnt var um*

| Barnaverndarnefnd | Fyrstu 9 mán 2011 | | Fyrstu 9 mán 2012 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 2.520 | 46,2 | 2.097 | 43,0 |
| Seltjarnarnes | 31 | 0,6 | 31 | 0,6 |
| Kópavogur | 522 | 9,6 | 427 | 8,8 |
| Garðabær | 73 | 1,3 | 92 | 1,9 |
| Hafnarfjörður | 564 | 10,3 | 568 | 11,6 |
| Álftanes | 36 | 0,7 | 54 | 1,1 |
| Reykjanesbær | 259 | 4,8 | 298 | 6,1 |
| Grindavík | 67 | 1,2 | 40 | 0,8 |
| Sandgerði | 115 | 2,1 | 95 | 1,9 |
| Mosfellsbær | 132 | 2,4 | 100 | 2,1 |
| Akranes | 70 | 1,3 | 71 | 1,5 |
| Borgarfjarðar og Dala | 34 | 0,6 | 37 | 0,8 |
| Snæfellinga | 13 | 0,2 | 13 | 0,3 |
| Norðanverðir Vestfirðir | 101 | 1,9 | 100 | 2,1 |
| Vesturbyggð og Tálknafjörður | 10 | 0,2 | 9 | 0,2 |
| Húnaþing vestra | 20 | 0,4 | 27 | 0,6 |
| A-Hún | 43 | 0,8 | 19 | 0,4 |
| Skagafjörður | 24 | 0,4 | 20 | 0,4 |
| Útey | 70 | 1,3 | 58 | 1,2 |
| Eyjafjörður | 213 | 3,9 | 236 | 4,8 |
| Þingeyingar | 39 | 0,7 | 31 | 0,6 |
| Fljótsdalshérað | 48 | 0,9 | 45 | 0,9 |
| Fjarðabyggð | 60 | 1,1 | 41 | 0,8 |
| Hornafjörður | 35 | 0,6 | 29 | 0,6 |
| Árborg | 123 | 2,3 | 112 | 2,3 |
| Árnesþing* | 69 | 1,3 | 79 | 1,6 |
| Rang.valla- og V-Skaftafellss. | 35 | 0,6 | 31 | 0,6 |
| Vestmannaeyjar | 126 | 2,3 | 118 | 2,4 |
| **Samtals** | **5.452** | **100,0** | **4.878** | **100,0** |

*Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.
*Í águst 2011 sameinuðust barnaverndarnefnd uppsveita Árnessýslu, Ölfusshrepps og Hveragerðis í Velferðarnefnd Árnesþings

## Fjöldi barna skipt eftir kynjum*

| Kyn | Fyrstu 9 mánuði 2012 | |
|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 2.695 | 55,2 |
| Stúlkur | 2.172 | 44,5 |
| Ekki vitað | 11 | 0,2 |
| **Samtals** | **4.878** | **100,0** |

*Kynjaskipting liggur fyrir frá árinu 2012

## Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

| Landsvæði | Fyrstu 9 mán 2011 | | Fyrstu 9 mán 2012 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Höfuðborgarsvæði | 3.878 | 71,1 | 3.369 | 69,1 |
| Landsbyggð | 1.574 | 38,9 | 1.509 | 30,9 |
| **Samtals** | **5.452** | **100,0** | **4.878** | **100,0** |

*Höfuðborgarsvæðið tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun*

| | Fyrstu 9 mánuði 2011 | | Fyrstu 9 mánuði 2012 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál) | 3.457 | 63,4 | 3.285 | 67,3 |

.

## Ástæður tilkynninga*

| Ástæður tilkynninga | Fyrstu 9 mánuði 2011 | | Fyrstu 9 mánuði 2012 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| **Vanræksla** | **2.046** | **30,8** | **2.061** | **35,5** |
| *Drengir* | | | *1.001* | *17,3* |
| *Stúlkur* | | | *1.060* | *18,3* |
| Líkamleg vanræksla | 128 | 1,9 | 133 | 2,3 |
| *Drengir* | | | *55* | *0,9* |
| *Stúlkur* | | | *78* | *1,3* |
| Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit | 1.773 | 26,7 | 1.768 | 30,5 |
| *Drengir* | | | *877* | *15,1* |
| *Stúlkur* | | | *891* | *15,4* |
| Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu | 509 | 7,7 | 471 | 8,1 |
| *Drengir* | | | *245* | *4,2* |
| *Stúlkur* | | | *226* | *3,9* |
| Vanræksla varðandi nám | 90 | 1,4 | 85 | 1,5 |
| *Drengir* | | | *44* | *0,8* |
| *Stúlkur* | | | *41* | *0,7* |
| Tilfinningaleg vanræksla | 140 | 2,1 | 176 | 3,0 |
| *Drengir* | | | *71* | *1,2* |
| *Stúlkur* | | | *105* | *1,8* |
| **Ofbeldi** | **1.506** | **22,7** | **1.326** | **22,9** |
| *Drengir* | | | *586* | *10,1* |
| *Stúlkur* | | | *740* | *12,8* |
| Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi | 808 | 12,2 | 675 | 11,6 |
| *Drengir* | | | *309* | *5,3* |
| *Stúlkur* | | | *366* | *6,3* |
| þar af heimilisofbeldi | 333 | 5,0 | 316 | 5,4 |
| *Drengir* | | | *145* | *2,5* |
| *Stúlkur* | | | *171* | *2,9* |
| Líkamlegt ofbeldi | 351 | 5,3 | 321 | 5,5 |
| *Drengir* | | | *177* | *3,1* |
| *Stúlkur* | | | *144* | *2,5* |
| Kynferðislegt ofbeldi | 351 | 5,3 | 321 | 5,5 |
| *Drengir* | | | *88* | *1,5* |
| *Stúlkur* | | | *233* | *4,0* |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Áhættuhegðun** | **3.028** | **45,6** | **2.375** | **40,9** |
| *Drengir* | | | *1.611* | *27,8* |
| *Stúlkur* | | | *764* | *13,2* |
| Neysla barns á vímuefnum | 581 | 8,7 | 408 | 7,0 |
| *Drengir* | | | *269* | *4,6* |
| *Stúlkur* | | | *139* | *2,4* |
| Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu | 775 | 11,7 | 778 | 13,4 |
| *Drengir* | | | *448* | *7,7* |
| *Stúlkur* | | | *330* | *5,7* |
| Afbrot barns | 1.252 | 18,8 | 870 | 15,0 |
| *Drengir* | | | *658* | *11,3* |
| *Stúlkur* | | | *212* | *3,7* |
| Barn beitir ofbeldi | 346 | 5,2 | 226 | 3,9 |
| *Drengir* | | | *178* | *3,1* |
| *Stúlkur* | | | *48* | *0,8* |
| Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt | 130 | 2,0 | 132 | 2,3 |
| *Drengir* | | | *83* | *1,4* |
| *Stúlkur* | | | *49* | *0,8* |
| **Heilsa eða líf ófædds barns í hættu** | **64** | **1,0** | **38** | **0,7** |
| | | | | |
| **Tilkynningar alls** | **6.644** | **100,0** | **5.800** | **100,0** |
| | | | | |
| **Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu*** | **140** | | **141** | **100,0** |
| *Drengir* | | | *56* | *39,7* |
| *Stúlkur* | | | *85* | *60,3* |

*Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokkanna fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

*Kynjaskipting liggur fyrir frá árinu 2012

*Að mati tilkynnanda

## Tilkynnendur

| Tilkynnendur | Fyrstu 9 mán 2011 | | Fyrstu 9 mán 2012 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Barnið sjálft | 48 | 0,7 | 35 | 0,6 |
| Ættingjar barns aðrir en foreldrar | 366 | 5,5 | 296 | 5,1 |
| Nágrannar | 517 | 7,8 | 469 | 8,1 |
| Önnur barnaverndarnefnd | 129 | 1,9 | 146 | 2,5 |
| Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu | 159 | 2,4 | 145 | 2,5 |
| Lögregla | 3.295 | 49,6 | 2.707 | 46,7 |
| Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr. | 616 | 9,3 | 562 | 9,7 |
| Leikskóli/gæsluforeldri | 120 | 1,8 | 91 | 1,6 |
| Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús | 439 | 6,6 | 466 | 8,0 |
| Foreldrar barns | 608 | 9,2 | 532 | 9,2 |
| Aðrir | 347 | 5,2 | 351 | 6,1 |
| **Samtals** | **6.644** | **100,0** | **5.800** | **100,0** |

# Umsóknir um meðferð

## Tegund meðferðar

| Tegund meðferðar | Fyrstu 9 mán 2011 | | Fyrstu 9 mán 2012 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Stuðlar | 37 | 56,9 | 32 | 65,3 |
| Langtímameðferð | 28 | 43,1 | 17 | 34,7 |
| **Samtals** | **65** | **100,0** | **49** | **100,0** |

## Umsóknir eftir landsvæði

| Landsvæði | Fyrstu 9 mán 2011 | | Fyrstu 9 mán 2012 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 33 | 50,8 | 26 | 53,1 |
| Nágrenni Reykjavíkur* | 12 | 18,5 | 16 | 32,7 |
| Landsbyggð | 20 | 30,8 | 7 | 14,3 |
| **Samtals** | **65** | **100,0** | **49** | **100,0** |

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Kyn barna sem sótt er um meðferð fyrir

| Kyn | Fyrstu 9 mán 2011 | | Fyrstu 9 mán 2012 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 46 | 70,8 | 29 | 59,2 |
| Stúlkur | 19 | 29,2 | 20 | 40,8 |
| **Samtals** | **65** | **100,0** | **49** | **100,0** |

## Meðalaldur barna sem sótt er um meðferð fyrir

| Meðalaldur barna | Fyrstu 9 mán 2011 | Fyrstu 9 mán 2012 |
|---|---|---|
| Meðalaldur barna | 15,7 | 16,2 |

*Meðalaldur barna er reiknaður út frá fæðingarári, aldri barns við lok árs.

## Umsóknir um Fjölkerfameðferð (MST)

### Umsóknir eftir landsvæði

| **Landsvæði** | **Fyrstu 9 mán 2011** | | **Fyrstu 9 mán 2012** | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 33 | 60,0 | 19 | 42,2 |
| Nágrenni Reykjavíkur* | 22 | 40,0 | 26 | 57,8 |
| **Samtals** | **55** | **100,0** | **45** | **100,0** |

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

### Kyn barna sem sótt er um MST fyrir

| **Kyn** | **Fyrstu 9 mán 2011** | | **Fyrstu 9 mán 2012** | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 34 | 61,8 | 24 | 53,3 |
| Stúlkur | 21 | 38,2 | 21 | 46,7 |
| **Samtals** | **55** | **100,0** | **45** | **100,0** |

### Meðalaldur barna sem sótt var um MST fyrir

| **Meðalaldur barna** | **Fyrstu 9 mán 2011** | **Fyrstu 9 mán 2012** |
|---|---|---|
| Meðalaldur barna | 15,2 | 15,4 |

*Meðalaldur barna er reiknaður út frá fæðingarári, aldri barns við lok árs.

# Umsóknir um fóstur

## Tegund fósturs

| Tegund fósturs | Fyrstu 9 mán 2011 | | Fyrstu 9 mán 2012 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Tímabundið | 73 | 68,9 | 60 | 73,2 |
| Varanlegt | 8 | 7,5 | 8 | 9,8 |
| Styrkt | 25 | 23,6 | 14 | 17,1 |
| **Samtals** | **106** | **100,0** | **82** | **100,0** |

## Umsóknir eftir landsvæði

| Landsvæði | Fyrstu 9 mán 2011 | | Fyrstu 9 mán 2012 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 44 | 41,5 | 34 | 41,5 |
| Nágrenni Reykjavíkur* | 22 | 20,8 | 23 | 28,0 |
| Landsbyggð | 40 | 37,7 | 25 | 30,5 |
| **Samtals** | **106** | **100,0** | **82** | **100,0** |

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Kyn barna sem sótt er um fóstur fyrir

| Kyn | Fyrstu 9 mán 2011 | | Fyrstu 9 mán 2012 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 64 | 60,4 | 41 | 50,0 |
| Stúlkur | 42 | 39,6 | 41 | 50,0 |
| **Samtals** | **106** | **100,0** | **81** | **100,0** |

## Meðalaldur barna sem sótt er um fóstur fyrir

| Meðalaldur barna | Fyrstu 9 mán 2011 | Fyrstu 9 mán 2012 |
|---|---|---|
| Samtals | 12,2 | 11,3 |

*Meðalaldur barna er reiknaður út frá fæðingarári, aldri barns við lok árs.

# Þjónusta í Barnahúsi

## Þjónusta í Barnahúsi

| | Fyrstu 9 mánuði 2011 Fjöldi | Fyrstu 9 mánuði 2012 Fjöldi |
|---|---|---|
| Rannsóknarviðtöl | 144 | 157 |
| a. Skýrslutökur | 39 | 36 |
| b. Könnunarviðtöl | 105 | 121 |
| Greiningar- og meðferðarviðtöl | 87 | 73 |
| Læknisskoðanir | 16 | 6 |

## Kyn barna í Barnahúsi*

| **Kyn** | **Fyrstu 9 mánuði 2011** | | **Fyrstu 9 mánuði 2012** | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 49 | 34,0 | 42 | 26,8 |
| Stúlkur | 95 | 66,0 | 115 | 73,2 |
| **Samtals** | **144** | **100,0** | **157** | **100,0** |

*kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

# Neyðarvistun á Stuðlum

## Neyðarvistun á Stuðlum

| | Fyrstu 9 mánuði 2011 | Fyrstu 9 mánuði 2012 |
|---|---|---|
| | Fjöldi | Fjöldi |
| Fjöldi vistana | 174 | 156 |
| Vistunardagar | 1.157 | 920 |
| Fjöldi einstaklinga | 81 | 71 |

## Kyn barna í neyðarvistun á Stuðlum

| Kyn | Fyrstu 9 mánuði 2011 | | Fyrstu 9 mánuði 2012 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 52 | 64,2 | 46 | 64,8 |
| Stúlkur | 29 | 35,8 | 25 | 35,2 |
| **Samtals** | **81** | **100,0** | **71** | **100,0** |

# Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

## Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

| Hvaðan koma umsóknir? | Fyrstu 9 mán 2011 | | Fyrstu 9 mán 2012 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík og nágrenni | 26 | 49,1 | 27 | 58,7 |
| Vesturland | 7 | 13,2 | 2 | 4,3 |
| Vestfirðir | 1 | 1,9 | 0 | 0,0 |
| Norðurland | 4 | 7,5 | 8 | 17,4 |
| Austurland | 2 | 3,8 | 0 | 0,0 |
| Suðurland | 4 | 7,5 | 3 | 6,5 |
| Reykjanes | 8 | 15,1 | 5 | 10,9 |
| Fólk búsett erlendis | 1 | 1,9 | 1 | 2,2 |
| **Samtals** | **53** | **100,0** | **46** | **100,0** |

*Reykjavík og nágrenni Öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.